

Fundur stjórnar KRAFT með formönnum félaga var haldinn 14.janúar 2018 kl. 14.00 í húsnæði ÍSÍ, Engjavegi 4, Rvk

Mætt voru frá stjórn: Hulda Elsa, Erla Kristín og Gry. Formenn/fulltrúar eftirtalinna félaga tóku þátt í fundinum: Stjarnan, Akranes, KFA og Ármann. Sigurjón Pétursson, varaforseti IPF, sat hluta fundarins.

- 1) Fundarsetning - Hulda setti fundinn og bauð mönnum velkomna. Veður hefur hamlað ferðum sumra og tvö félög hafa tilkynnt forföll og fundurinn því fámennur. Hún sagði fundinn mikilvægt tækifæri stjórnar til að kanna skoðanir félaga og fá ráðleggingar. Framvegis væri gott að vera með fjarskiptabúnað á slíkum fundum og gera sem flestum kleift að leggja orð í belg.
- 2) Kosning fundarstjóra og fundarritara – Huldu var falin fundarstjórn og hún bað Gry um að rita fundargerð.
- 3) Málefni frá stjórn
 - Ársþing IPF – Gry sat þingið f.h. Íslands og gerði stutta grein fyrir helstu mál þingsins. Lesa má fundargerð hér: <http://www.powerlifting-ipf.com/fileadmin/ipf/data/downloads/congress/2017IPFGeneralAssemblyMeeting.MeetingMinutes.Final.docx.pdf>
- 4) Formannafundur ÍSÍ – Hulda sat fundinn f.h. KRAFT og gerði stutta grein fyrir helstu mál fundarins. <http://isi.is/frettir/frett/2017/11/17/Formannafundur-2017-for-fram-i-dag/>

Meðal þess sem var rætt á fundinum:

- afreksmál. Verið er að þróa nýtt fyrirkomulag í starfi afrekssjóðs og auknar kröfur verða gerðar til sambanda, t.d. varðandi fjárhagsáætlanir og reikningsskil. Hulda upplýsti að KRAFT kaupir nú bókhaldsþjónustu.
- kynferðisleg áreitni innan íþróttahreyfingarinnar. Þetta mál hefur verið mikið í umræðunni og ábyrgð félaga og sérsambanda er mikil. Erla Kristín tók til máls og ítrekaði nauðsyn þess að öll félög skoðuðu meðferð slíkra mála hjá sér, væru á varðbergi og tæku af festu á málum sem kynnu að koma upp. T.d. er ekki óeðlilegt að krefjast sakavottorða frá þeim sem gegna mikilvægra starfa innan félagsins, hvort sem er launað eða sem sjálfbóðaliðar. Reglur eru til og félög þurfa að þekkja þær og fara eftir þeim. Mikilvægt er að vanda sig í umgengni við ungmenni og fara ekki yfir strikið, t.d. þegar verið er að klæða stelpur í bunað.

- 5) Mótahald 2018 – búið er að birta mótaskrá og finna mótshaldara að öllum mótum, en í þetta sinn verða haldin tveggja daga mót og eru bæði kostir og gallar við það fyrirkomulag. Nokkrar ábendingar til stjórnar komu fram, t.d. að miða mótaskrá við þarfir keppenda innanlands fyrst og fremst, en ekki miða um of við dagsetningar alþjóðamóta þangað sem fáir einstaklingar fari. Fram kom ótti um að keppendum gæti fækkað og líka sú skoðun að í framtíðinni þurfa menn í auknu mæli að sérhæfa sig og velja milli búnaðarmóta og klassískra.
- 6) NM unglinga 2018 – þetta mót fer fram á Akureyri í september og frábært tækifæri fyrir unga keppendur að stefna þangað. Stjórn leggur áherslu á að fá sem flesta unga þátttakendur til að vera með, en haft verður samband við öll félög og myndað keppendahóp sem síðan getur hist og hjálpast að í undirbúningi.
- 7) Dómaramál – búin hefur verið til leið fyrir dómara til að skrá sig fyrirfram til starfa á mót ársins. Stjórn hvetur alla dómara til að nota þetta form og gera það. Á næstunni verður farið yfir dómaraalista KRAFT og tryggt að hann sé réttur.
- 8) Lágmark á innanlandsmót – stjórn veltir fyrir sér hvort leggja eigi af kröfuna um lágmark á ÍM eða hvort rétt sé að halda þeim og taka þá upp lágmark á öll ÍM. Fundarmenn voru helst á því að halda áfram með lágmark og þá á öll ÍM.
- 9) Landsliðslágmark – nauðsynlegt er að taka landsliðslágmark til endurskoðunnar fyrir næsta ár og skiptar skoðanir um bestu leiðir. Stjórn mun leggja til að ársþingið skipi nefnd sem vinni tillögur í málinu.
- 10) Kraftlyftingafing 2018 – Hulda upplýsti að boðað verður til þings KRAFT 18.febrúar nk á Akureyri í tengslum við ÍM sem þá fer fram þar. Uppstillingarnefnd hefur tekið til starfa og félög geta komið ábendingum um framtíðar stjórnarmenn til thorunnl@gmail.com Fundarboð fer út í næstu viku og verða kjörbréf úthlutað í samræmi við fjölda skráðra iðkenda í felix 1.janúar sl. Í ljós hefur komið að um tvískráningu félaga hefur verið að ræða í einu félagi og verður tekið á því máli sérstaklega.
- 11) Afreksmál – ráðning íþróttastjóra – Hulda gerði grein fyrir stöðu mála gagnvart afrekssjóði ÍSÍ og ráðningu íþróttastjóra tímabundið. Eitt aðalverkefni hans er að gera tillögu að verklýsingu fyrir starfið, en meiningin er að auglýsa það laust til umsóknar á næstunni.
- 12) Alþjóðamót á Íslandi. Sigurjón Pétursson hvatti stjórn til að sækja um alþjóðamót. Grétar Skúli sagði frá áhuga KFA á að halda alþjóðamót á Akureyri næstu ár og byggja upp aðstöðu til mótahalds þar. Í afrekisstefnu KRAFT er markmið að sækja um WEC 2020 og HM í bekkpressu 2022 og ætlar stjórnin að uppfylla það. Undirbúin verður umsókn um

WEC og lögð fyrir þing EPF í maí. NM unglunga fer fram á Akureyri í september nk og er það gott tækifæri fyrir KFA til að sýna kosti Akureyrar sem mótstað. Hulda þakkaði Grétari Skúla fyrir frumkvæði og áhuga á þessum málum.

13) Önnur mál. Fleira var ekki rætt.

14) Fundarslit. Hulda þakkaði fyrir góðan fund og málefnið umræður og sleit fundi kl. 15.45.

Fundarritari Gry Ek